

Mánudaginn 29. maímánaðar.

Nr. 7/1897:

Hið opinbera
gegn

Þórarni Jónssyni og
Sigurði Sigurðssyni.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu, gengnum 28. ágústmán. f. á., voru þeir Þórarinn Jónsson á Hjaltabakka og Sigurður Sigurðsson á Húnsstöðum dæmdir eptir lögum 19. febr. 1886 fyrir ólöglega laxveiði til að greiða hvor um sig 30 kr. sekt til hlutadeigandi fátækra sjóðs og til að greiða in solidum allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Svo var hið ólöglega veiðifang með dóminum gjört upptækt, og skyldi andvirði þess renna í hlutadeigandi fátækra sjóð.

Dómi þessum hefur hlutadeigandi amtmaður eptir beiðni hinna kærðu og fyrir hönd hins opinbera áfrýjað til landsyfirrjettarins.

Með brjefi 4. júlí f. á. kærði Björn nokkur Kristófersson þá Þórarin Jónsson og Sigurð Sigurðsson fyrir sýslumanni fyrir ólöglega laxveiði í »Dulshyl« svo nefndum í Laxá. Segir meðal annars í kæru hans, að hann (Björn Kristófersson) og 2 menn aðrir hafi 27. júní f. á. sjeð laxanet liggja í »Dulshyl«, sem er ker eða hylur í Laxá, og hafi það náð yfir um allt kerid og verið fast á báðum endum, en kerid náí yfir meira en helming af breidd árinna. Í prófi, sem haldið var 7. júlí 1896, hermir hann allt rjett vera, sem í kær-

unni standi, og bætir því við, að hann sama dags morgun (7. júlí) hafi ásamt 2 mönnum komið að netalögnum í Laxá frá Hjaltabakka og Húnsstöðum, og hafi þá netið í »Dulshyl« verið lagt yfir allan hylinn; hafi þeir dregið netið á land á suður-urbakka árinna og hafi 5 heldur smáir laxar verið í því. Menn þeir, sem með Birni voru í bæði skiptin, hafa verið látnir bera sem vitni í málinu. Annar af mönnum þeim, sem með Birni Kristóferssyni komu 27. júní t. á. að netalögninni í »Dulshyl«, segir í prófi 7. júlí allt rjett í kæru Björns; netið í »Dulshyl« hafi legið yfir allt kerid og verið fast á báðum endum, og sama bar hinn maðurinn, sem með honum var, sem sje, að allt sje rjett, sem í kæru Björns standi, en bætir þó við, »að svo miklu leyti sem hann viti til«. Þeir 2 menn, sem með Birni voru við upptöku netanna 7. júlí f. á., hafa þann dag báðir borið, að skýisla Björns fyrir rjetti 7. júlí um netalagnir í Laxá og upptöku á netum sama dag sje í alla stadi rjett.

Í prófi 12. ágúst f. á. hefur annar þeirra manna, sem með Birni voru 27. júní næst fyrir, borið, að þeir 27. júní hafi komið að norðanveidri Laxá hjá »Dulsum«; hafi þeir tekið í strenginn, sem lá í land úr netinu, og hafi hann eigi getað betur sjeð, en að netið lægi alveg upp að klöppinni, sem er norðanvert við kerid, sunnan megin árinna hafi þeir ekki komið, en þeir hafi ekki betur sjeð en að netið lægi alveg yfir kerid að sunnanverðu, en hinn maðurinn hefur sama dag

borið, að netið hafi *synzt* liggja yfir allan hylinn og hafi verið fest á báðum endum, en að norðanverðu hafi netið eigi virzt vera eins strengt og hægt hafi verið, því netið hafi færzt nær, þegar tekið var í teininn.

Þeir menn, sem með Birni voru 7. júlí við upptekt á neti úr »Dulshyl« í Laxá, hafa í prófi 12. ágúst f. á. að vísu staðhæft, að skýrsla þeirra 7. júlí næst fyrir sje í alla staði rjett, en annar þeirra segir þó nú, að hann, sem kom að netinu báðum megin árinna, *hafi eigi betur sjeð* en að það lægi yfir allan hylinn, og að hann *hafi eigi betur sjeð*, en að fláarteinninn á netinu kæmi að norðurklöppinni, þegar þeir tóku í strenginn að norðan; hvort hálsinn á netinu hafi náð alveg að suðurklöppinni, sá hann eigi, og hinn segir, *ad sig minni nú*, að nethálsinn muni eigi hafa legið alveg að klöppinni að norðanverðu, en hann treysti sjer eigi til að bera um, hve langt bilið hafi verið frá netinu að norðurklöppinni, en sunnanmegin segir hann að netið hafi legið strengt við klöppina. Björn Kristófersson hefur í prófi 12. ágúst 1896 að vísu sagt fyrri framburð sinn rjettan, en segir þó nú, að hann *hafi eigi betur sjeð* en að netið 27. júní hafi verið lagt alveg eins og 7. júlí, og að hann *hafi eigi getað betur sjeð*, en að fláarteinninn lægi alveg að norðurklöppinni; að sunnanverðu hafi netið ekki byrjað fyr en með hylnum (s: 4 áln. frá suðurbakkanum).

Menn þeir, sem sýslumaðurinn hafði kvatt til þess að skoða og mæla Laxá, þar sem hin átalda

netalögn hafði verið í ánni, hafa skýrt frá, að í »Dulshyl« renni áin í einu lagi og sje breidd hennar um kerid sjálft 27 álnir og 17 þumlungar; kerid sjálft byrji 4 álnir frá suðurbakkanum og sje breidd þess 11 álnir og 9 þumlungar; aðal-dýpi árinna sje í kerinu; dýpið hafi þeir ekki getað mælt.

Hinir kærðu hafa kannast við, að þeir hafi lagt net í efsta kerinu á Dulsum, en neitað því, að þeir hafi nokkru sinni þverlagt allt kerid, heldur hafa þeir eindregið haldið því fram, að net þeirra hafi ekki verið lagt yfir um meira en hált kerid, því hinn mikli straumur gjöri það að verkum, að norðurendi netsins, sem ekki hafi verið stjórnað niður, vefjist í göndul og sje þannig að minnsta kosti hált kerid opið fyrir laxgöngu, enda sje sá hluti kersins, sem ekki sje lagt í, dýpstur. Þessum framburði þeirra er ekki hnekkt með framburði hinna leiddu vitna, sem bæði er óljós, á reiki og ekki með öllu samhjóða. Það er ekki hrakið í málinu að kerid sje dýpst að norðanverðu; en þegar svo er, þá hefur meira en helmingur árinna verið opinn fyrir laxgöngu og þar af nokkur hluti hennar dýpstur, sem sje norðurendi kersins. Verður því að sýkna hina kærðu í þessu máli og þer að greiða málskostnað allan af almannafje, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi 10 kr. til hvors þeirra.

Það er aðfinningarvert að hjeradsdómariinn hefur lesið upp framburð fyrri vitna fyrir hinum

síðar leiddu og látið þau staðfesta hann, án þess að prófa þau sjerstaklega, svo sjeð verði; að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeradi verið víta-
laus. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefur verið lög-
mæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu, Þórarinn Jónsson og Sigurður Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirrjetti, þar með talin málflytningu-
slaun til sóknara og verjanda, málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand.
jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 26. aprilmánaðar.

Nr. 6/1897:

Híð opinbera
gegn

Hermanni Jónassyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnussýslu, upp-
kveðnum 28. ágústmán. f. á., var hinn kærði Her-
mann bóndi Jónasson á Þingeyrum dæmdur fyrir
ólöglega laxveiði til að greiða 20 kr. sekt, að
helmingi til hlutadeigandi sveitarsjóds og að helm-
ingi til uppljóstrarmanns, svo og til að greiða all-
an kostnað málsins, en dómi þessum hefur verið